

|                      |   |                                  |                   |  |   |   |   |
|----------------------|---|----------------------------------|-------------------|--|---|---|---|
| <b>Ríkisaðili</b>    | <b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>  |                                  |                   |  |   |   |   |
| <b>Ábyrgðaraðili</b> | <b>Lilja Guðný Jóhannesdóttir</b>   |                                  |                   |  |   |   |   |
| <b>1</b>             | <b>Kjarnastarfsemi</b>  |                                  |                   |  |   |   |   |
|                      | <p>Verkmenntaskóli Austurlands (VA) er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla, framhaldsskólalögum og öðrum lögum og reglugerðum sem snerta skólastarf á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur að leiðarljósi þá grunnþætti menntunar sem tilteknir eru í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð ásamt sköpun.</p> <p>VA er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám, bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Rétt er að geta þess að VA er eini skólinn á austanverðu landinu sem gefur nemendum kost á að leggja stund á nám á iðn- og starfsnámsbrautum auk bóknámsbrauta. Haustið 2018 var boðið upp á nám á 14 námsbrautum; 8 verk- og starfsnámsbrautum, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabraut og 4 stúdentsbrautum. Miðað er við að nám á stúdentsbrautum taki þrjú ár. Inntökuskilyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreindar á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá skólans er birt á vef hans og var síðast endurskoðuð í ágúst 2018.</p> <p>274 nemendur stunda nám við skólann á haustönn 2018.</p> <p>Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði, þ.m.t. starfsnámi og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011.</p> <p>VA er Skóli á grænni grein – Grænfánaskóli (frá nóv. 2018) og einnig Heilsuefandi framhaldsskóli (frá haustinu 2010).</p> |                                  |                   |  |   |   |   |
|                      | <b>Markmið 1</b>  |                                  |                   | <b>Tengist markmiði málaflokks</b>                     |   |   |   |
|                      | Minnka brotthvarf úr námi   |                                  |                   | Markmið 1: Fleiri nemendur ljúki námi á tilsettum tíma |   |   |   |
|                      | <b>Mælikvarðar</b>  | <b>Gögn lögð til grundvallar</b> | <b>Staða 2017</b> | <b>Staða 2018</b>                                      | <b>Viðmið 2019</b>                      | <b>Viðmið 2020</b>                      | <b>Viðmið 2021</b>                      |
|                      | Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári  | Gögn úr Innu                     | 86% <sup>1</sup>  | 100%   | ≥ en meðaltal framhalds-skóla á Íslandi | ≥ en meðaltal framhalds-skóla á Íslandi | ≥ en meðaltal framhalds-skóla á Íslandi |
|                      | Ástæður brotthvarfs   | Skýrsla til MMS                  | Skráð             | Skráð  | Skráð                                   | Skráð                                   | Skráð                                   |

<sup>1</sup> Staða 2017 miðast við nemendur sem hófu nám við VA og skráðu sig þar á annað ár. Frá og með hausti 2018 er viðmiðið óháð tilfærslu á milli skóla.

|   |   |                          |   |  |  |  |
|---|---|--------------------------|---|--|--|--|
| Hlutfall nemenda af erlendum uppruna sem lýkur námi                                 | Brautskráningargögn   | Innleiðing               | Mælikvarði skilgreindur   |  |  |  |
| <b>Aðgerðir</b>   |   | <b>Upphaf</b>            | <b>Lok</b>  | <b>Kostnaður 2019</b>                      | <b>Kostnaður 2020</b>                      | <b>Kostnaður 2021</b>                      |
| Skima fyrir brotthvarfi meðal allra nýnema  |   | 2015                     | 2021  | 0,5 m.kr.                                  | 0,5 m.kr.                                  | 0,5 m.kr.                                  |
| Vinna með ART hugmyndafræði í námsráðgjöf hjá nemendum sem mælast í brottfallshættu |   | 2018                     | 2021  | 1 m.kr.                                    | 1 m.kr.                                    | 1 m.kr.                                    |
| Endurskoða kennslu í ÍSAN áföngum   |   | 2018                     | 2020  | 0,5 m.kr.                                  | 0,5 m.kr.                                  | 0,5 m.kr.                                  |
| <b>Markmið 2</b>  |   |                          | <b>Tengist markmiði málaflokks</b>  |  |  |  |
| Efla gæði bók- og starfsnáms  |   |                          | Markmiði 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs |  |  |  |
| <b>Mælikvarðar</b>  | <b>Gögn lögð til grundvallar</b>  | <b>Staða 2017</b>        | <b>Staða 2018</b>   | <b>Viðmið 2019</b>                         | <b>Viðmið 2020</b>                         | <b>Viðmið 2021</b>                         |
| Viðhorf nemenda til kennslu   | Áfangamat í Innu  | Innleiðing og gagnaöflun | 85%   | ≥ 85% nemenda segist ánægðir með kennsluna | ≥ 85% nemenda segist ánægðir með kennsluna | ≥ 85% nemenda segist ánægðir með kennsluna |
| Viðhorf nemenda til aðstöðu til náms í skólanum                                     | Áfangamat í Innu  | Innleiðing og gagnaöflun | 87%   | ≥ 85% nemenda telji aðstöðuna viðunandi    | ≥ 85% nemenda telji aðstöðuna viðunandi    | ≥ 85% nemenda telji aðstöðuna viðunandi    |
| Hlutfall útskrifaðra áfanga   | Mappan „Útskrift áfanga“ á skrifstofu áfangastjóra (fjallað er um útskrifaða áfanga á bls. 8-11 í Sjálfsmatsskýrslu VA fyrir skólaárið 2016-2017) | 80% (vorönn)             | 91%   | 95%  | 95%  | 95%  |
| <b>Aðgerðir</b>   |   | <b>Upphaf</b>            | <b>Lok</b>  | <b>Kostnaður 2019</b>                      | <b>Kostnaður 2020</b>                      | <b>Kostnaður 2021</b>                      |
| Efla gæðamál varðandi nám og kennslu  |   | 2015                     | 2021  | 2 m.kr.                                    | 2 m.kr.                                    | 2 m.kr.                                    |
| Endurnýjun á tækjabúnaði í verknámi   |   | 2015                     |   | 2 m.kr.                                    | 3 m.kr.                                    | 4 m.kr.                                    |
|   |   |                          |   |  |  |  |

## 2 Rekstrarþættir

*Skipurit skólans er að finna á heimasíðu hans. Þar er starfsemi skólans skipt niður í yfirstjórn og 3 svið: Kennslusvið, þjónustusvið og fjármálasvið. Í yfirstjórn eru tveir starfsmann, skólameistari og áfangastjóri í fullu starfi sem er staðgengill skólameistara.*

*Aðrir starfsmenn á haustönn 2018 eru 42 talsins í 31 stöðugildi. Störf þeirra og stöðugildi skiptast með eftirfarandi hætti eftir sviðum:*

*Við skólann starfa 27 einstaklingar á kennslusviði í 20,89 stöðugildum, þar af eru 15 konur í 10,47 stöðugildum og 12 karlar í 10,42 stöðugildum. Fimm kennarar eru einnig deildarstjórar samhliða kennslu þ.e. á öllum verknámsbrautum og á starfsbraut. Alls hafa 12 kennarar ekki kennsluréttindi í 8,27 stöðugildum. Meðalaldur kennara eru rúm 45 ár. Aldursdreifing er þessi:*

- 29 – 40 ára – 10 kennarar
- 41 – 50 ára – 10 kennarar
- 51 – 60 ára – 4 kennarar
- 61 – 66 ára – 3 kennarar

*Á þjónustusviði starfa 12 starfsmenn í 7,15 stöðugildum þar af 6 karlar í 3,15 stöðugildum og 7 konur í 4 stöðugildum. Meðalaldur á þjónustusviði er 48 ár. Aldursdreifing er þessi:*

- 31 – 40 ára – 3 starfsmenn
- 41 – 50 ára – 2 starfsmenn
- 51 – 60 ára – 2 starfsmenn
- 61 – 66 ára – 3 starfsmenn

*Á fjármálasviði starfar ein kona (57 ára) og er hún í fullu starfi sem fjármálastjóri.*

*Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli, hann leggur mikla áherslu á heilbrigði til líkama og sálar. Skólinn er grænfánaskóli frá nóvember 2018. Allar stefnur skólans má finna á heimasíðunni og eru þær hluti af skólanámskránni.*

*Innra mat skólans byggir á ISO 9001. Ytri úttekt var gerð á skólanum haustið 2014, er hún birt á vef skólans. Út frá niðurstöðum úttektarinnar hefur skólinn gert umbótaáætlun, sjá á vef skólans. Í áætluninni er m.a. áhersla lögð á að sporna gegn brotthvarfi, efla gæðamál og klára innleiðingu á Aðalnámskrá frá 2011. Þann 3. október 2017 barst skólanum bréf frá MMR þar sem fram kemur að skólinn hafi gert fyllilega grein fyrir umbótum í kjölfar úttektar ráðuneytisins og að málinu sé lokið af hálfu þess (Tilv.: MMR 15011886/6.14.3).*

| <b>Markmið 1</b>   |  | Efling mannauðs                                       |                           |                                  |                                  |                                  |  |
|--|--|---|---------------------------|----------------------------------|----------------------------------|----------------------------------|--|
| <b>Mælikvarðar</b>   | <b>Gögn lögð til grundvallar</b>               | <b>Staða 2017</b>                                     | <b>Staða 2018</b>         | <b>Viðmið 2019</b>               | <b>Viðmið 2020</b>               | <b>Viðmið 2021</b>               |  |
| Fjöldi námskeiða og fyrirlestra, áhersla á jafningjafræðslu og lærdómssamfélag | Gagnaöflun ekki hafin                          | Nýtt markmið  | Gagnaöflun hefst          | Mælikvarði skilgreindur          |                                  |                                  |  |
| Fjöldi samþykkrtra starfslýsinga skv. ISO 9001 staðli                          | Gæðahandbók                                    | Innleiðing  | Innleiðing                | Allar starfslýsingar í ISO formi | Allar starfslýsingar í ISO formi | Allar starfslýsingar í ISO formi |  |
| Fjöldi starfsmannaviðtala á ári  | Skráning skólameistara á tímasetningum viðtala | 0   | 0                         | Allir starfsmenn                 | Allir starfsmenn                 | Allir starfsmenn                 |  |
| <b>Aðgerðir</b>  |  | <b>Upphaf</b>   | <b>Lok</b>                | <b>Kostnaður 2019</b>            | <b>Kostnaður 2020</b>            | <b>Kostnaður 2021</b>            |  |
| Efla gæðamál varðandi mannauðsstjórn   |  | 2015  | 2021                      | 1 m.kr.                          | 1 m.kr.                          | 1 m.kr.                          |  |
| Fjölga starfsmannaviðtölum   |  | 2019  | 2021                      | 0                                | 0                                | 0                                |  |
| Símenntunaráætlun og áhersla á lærdómssamfélag                                 |  | 2019  | 2021                      | 1 m.kr.                          | 1 m.kr.                          | 1 m.kr.                          |  |
| <b>Markmið 2</b>   |  | Að reka skólann innan fjárheimilda fjárlaga ár hvert. |                           |                                  |                                  |                                  |  |
| <b>Mælikvarðar</b>   | <b>Gögn lögð til grundvallar</b>               | <b>Staða 2017</b>                                     | <b>Staða 2018</b>         | <b>Viðmið 2019</b>               | <b>Viðmið 2020</b>               | <b>Viðmið 2021</b>               |  |
| Samræmi áætlunar og raunútgjalda   | Útkomuspá hvers árs                            | 1 m.kr. +   | Stefnir í neikvæða afkomu | +                                | +                                | +                                |  |
| ISO gátlistar  | Notkun ISO gátlista                            | Innleiðing  | Innleiðing                | Mælikvarði skilgreindur          |                                  |                                  |  |
|  |  |   |                           |                                  |                                  |                                  |  |
| <b>Aðgerðir</b>  |  | <b>Upphaf</b>   | <b>Lok</b>                | <b>Kostnaður 2019</b>            | <b>Kostnaður 2020</b>            | <b>Kostnaður 2021</b>            |  |
| Fjárhagsáætlanir eins nákvæmar og unnt er                                      |  | 2019  | 2021                      | 0                                | 0                                | 0                                |  |
| Niðurskurður á þjónustusviði   |  | 2019  | 2021                      | 0                                | 0                                | 0                                |  |
| ISO verklagsreglur nýttar í auknum mæli í tengslum við innkaup                 |  | 2019  | 2021                      | 0                                | 0                                | 0                                |  |